

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1386
komudagur 19.4.2005



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 18. apríl 2005


**Efni: Tillaga til þingsályktunar um nýtt tækifæri til náms.
131. löggjafarþing. Þskj. 144, 144. mál.**

Í þingsályktunartillögunni er þess farið á leit við Alþingi að það feli menntamálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi áætlun um átak í menntun þeirra sem ekki hafa lokið námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmiðið er að hækka menntunarstig þjóðarinnar og skapa nýtt tækifæri til náms og auðvelða fólki að taka aftur upp þráðinn í náminu þar sem frá var horfið.

Samanborið við önnur lönd eru mun fleiri á íslenskum vinnumarkaði sem aðeins hafa lokið grunnskólaprófi eða þar af minni menntun. Samtök iðnaðarins taka undir með flutningsmönnum að ávinningur af verkefni, sem kennt er við nýtt tækifæri til náms, er margs konar.

Samtök iðnaðarins hvetja sérstaklega til þess að í kynningu og umfjöllun um nýtt tækifæri til náms komi skýrt fram tengsl menntunar og samkeppnishæfni einstaklinga, fyrirtækja og samfélags. Með aukinni menntun eykst hæfileiki fólks til að taka þátt í atvinnulífinu, framlag þess verður verðmætara og ávinningur meiri.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Ingi Bogi Bogason